

Almennir markaðsskilmálar Arion banka hf.  
fyrir viðskipti með fjármálagerninga

## Efnisyfirlit:

1.	Um Arion banka.....	3
2.	Um almenna markaðsskilmála.....	3
3.	Áður en viðskiptavinur gefur fyrirmæli eða þjónusta er veitt . ....	3
4.	Þegar viðskiptavinur gefur fyrirmæli.....	6
5.	Eftir að Arion banki hefur framkvæmt fyrirmæli .....	8
6.	Varsla eigna og fjármuna.....	9
7.	Tryggingaréttindi.....	9
8.	Skuldajöfnuður.....	10
9.	Vanefndir, gjaldfellingarheimildir o.fl. ....	11
10.	Ábyrgðartakmarkanir .....	13
11.	Uppsögn.....	13
12.	Lög og varnarþing .....	13

## ALMENNIR MARKAÐSSKILMÁLAR ARION BANKA HF. FYRIR VIÐSKIPTI MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA

### 1. UM ARION BANKA HF.

Arion banki hf., kt. 581008-0150 (hér eftir „**Arion banki**“ eða „**bankinn**“), hefur starfsleyfi sem viðskiptabanki samkvæmt lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki („**lög um fjármálafyrirtæki**“) og sætir eftirliti Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands ([sedlabanki.is](http://sedlabanki.is)). Bankinn starfrækir útibú víðsvegar um Ísland og hefur höfuðstöðvar sínar í Borgartúni 19, 105 Reykjavík, Íslandi. Símanúmer er 444-7000 og netfang: [arionbanki@arionbanki.is](mailto:arionbanki@arionbanki.is). Nánari upplýsingar um bankann og þjónustu hans má finna á heimasíðu bankans, [arionbanki.is](http://arionbanki.is). Viðskiptavinir geta átt samskipti við bankann á íslensku og ensku. Samskipti á öðrum tungumálum gætu verið möguleg.

Arion banki er aðili að tryggingasjóði vegna fjármálafyrirtækja, sbr. 3. gr. laga um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta nr. 98/1999, en sjóðurinn tryggir innstæður, verðbréf og reiðufé með ákveðnum undantekningum. Nánari upplýsingar um sjóðinn og útgreiðslureglur hans má nálgast á vefslóðinni [tvf.is](http://tvf.is).

### 2. UM ALMENNA MARKAÐSSKILMÁLA ARION BANKA

Almennir markaðsskilmálar Arion banka fyrir viðskipti með fjármálagerninga (hér eftir „**Almennir markaðsskilmálar**“ eða „**markaðsskilmálar**“) gilda um móttöku og miðlun fyrir mæla frá viðskiptavinum um einn eða fleiri fjármálagerninga, framkvæmd fyrir mæla fyrir hönd viðskiptavina, eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf og um aðra viðbótarþjónustu í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga sem Arion banki samþykkir að veita viðskiptavinum og kann að falla undir markaðsskilmála þessa.

Um hugtök og orðnotkun samkvæmt skilmálum þessum vísast til laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga, með síðari breytingum (hér eftir „**lög um markaði fyrir fjármálagerninga**“).

Arion banki áskilur sér rétt til að fella markaðsskilmála þessa einhliða úr gildi, bæta við þá eða breyta hvenær sem er. Verði slíkt gert skal það tilkynnt á heimasíðu bankans á [arionbanki.is/fjarfestavernd](http://arionbanki.is/fjarfestavernd) og skulu uppfærðir skilmálar birtir þar. Breytingar taka gildi á þeim degi sem tilgreint er í tilkynningunni.

Um viðskipti og þjónustu samkvæmt skilmálum þessum gilda ýmis lög, reglugerðir og reglur. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér gildandi lög og reglur á hverjum tíma og afla sér ráðgjafar eftir þörfum, þ.á m. utanaðkomandi sérfræðiráðgjafar telji viðskiptavinur þörf á því. Skilmálar þessir eru staðlaðir og verður því ekki breytt af hálfu viðskiptavinar. Vakin er athygli á því að almennir viðskiptaskilmálar Arion banka gilda jafnframt um viðskipti milli Arion banka og viðskiptavina hans, og koma til fyllingar skilmálum þessum. Skilmálar þessir ganga frammar almennum viðskiptaskilmálum Arion banka enda falli viðskiptin eða þjónustan undir markaðsskilmála þessa.

### 3. ÁÐUR EN VIÐSKIPTAVINUR GEFUR FYRIRMÆLI EÐA ÞJÓNUSTA ER VEITT

Arion banki mun veita viðskiptavinum og hugsanlegum viðskiptavinum þær upplýsingar sem veita ber samkvæmt 34. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga á vefslóðinni [arionbanki.is/fjarfestavernd](http://arionbanki.is/fjarfestavernd) eða á varanlegum miðli eftir atvikum. Um getur verið að ræða upplýsingar um bankann, þjónustu hans, eðli og áhættur tiltekinna fjármálagerninga, reglur um bestu framkvæmd, reglur um meðferð hagsmunaárekstra, breytingar á skilmálum, verðskrá verðbréfa- og lífeyrisþjónustu, áætlaðan kostnað og gjöld í tengslum við veitta þjónustu ásamt upplýsingum um helstu réttarúrræði viðskiptavina.

#### A. AÐRIR SKILMÁLAR

Arion banki getur krafist þess að viðskiptavinur undirriti eða samþykki aðra sértæka skilmála eða samninga áður en þjónusta er veitt á grundvelli þessara skilmála eða vegna annarrar þjónustu sem fellur ekki undir skilmála þessa. Komi

upp ósamræmi milli skilmála þessara og ákvæða sértækra skilmála eða samnings sem gerður er á grundvelli þeirra, skulu ákvæði sértæku skilmálanna eða samningsins gilda.

#### B. ÁHÆTTA VEGNA VIÐSKIPTA MEÐ FJÁRMÁLAGERNINGA

Arion banki vekur athygli viðskiptavinar á þeirri áhættu sem fylgir viðskiptum með fjármálagerninga. Ávöxtun með fjármálagerninga getur sveiflast mjög frá einum tíma til annars og ávöxtun í fortíð er ekki trygging fyrir ávöxtun í framtíð. Arion banki ber ekki ábyrgð á því ef ekki er hægt að kaupa eða selja þá fjármálagerninga sem viðskiptavinur hefur óskað eftir kaupum eða sölu á, eða á því verðbili sem viðskiptavinur hefur sett fram.

Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér vel yfirlit bankans yfir megin einkenni og áhættur fjármálagerninga, sem er aðgengilegt á vefslóðinni [arionbanki.is/fjarfestavernd](http://arionbanki.is/fjarfestavernd).

#### C. FLOKKUN VIÐSKIPTAVINA OG VÖRUPRÓUN

Við upphaf viðskiptasambands flokkar Arion banki viðskiptavini sína sem viðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta eða almenna fjárfesta í samræmi við 51. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga og verklagsreglur bankans um flokkun viðskiptavina.

Arion banki tilkynnir viðskiptavinum um flokkun þeirra, rétt þeirra til að óska eftir að falla í annan flokk og afleiðingar þess. Fagfjárfestar bera ábyrgð á því að tilkynna Arion banka um breytingar sem haft geta áhrif á flokkun þeirra sem fagfjárfesta.

Í viðskiptum við viðurkennda gagnaðila er Arion banka ekki skylt að fullnægja þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 33. gr., 1., 4. og 6.–9. mgr. 34. gr., 35.–41. gr., 44. gr., 45. gr., 1., 6. og 7. mgr. 46. gr., 48. gr. og 1.–2. mgr. 49. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, sbr. 55. gr. laganna.

Þá skilgreinir Arion banki í vörupróunarferli sínu tiltekna markhópa endanlegra viðskiptavina innan viðkomandi flokks viðskiptavina m.t.t. þeirrar áhættu sem skiptir máli. Arion banki metur hvaða vörur og þjónusta henta ólíkum markhópum.

#### D. FJÁRFESTINGARRÁÐGJÖF

Arion banki mun ekki veita fjárfestingarráðgjöf eða hvers konar aðra ráðgjafþjónustu nema fyrir liggja skriflegur samningur um slíka þjónustu. Þegar Arion banki veitir fjárfestingarráðgjöf er um að ræða háða fjárfestingarráðgjöf í skilningi laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Ráðgjöfin er háð í ljósi þess að bankinn veitir ráðgjöf varðandi fjármálagerninga sem eru gefnir út eða látnir í té af bankanum sjálfum eða aðilum með nán tengsl eða önnur lagaleg eða fjárhagsleg tengsl við bankann, t.d. fjármálagerningar útgefnir af Stefni hf., og/eða sjóðum Stefnis hf.

Viðskiptavinir þurfa alfarið að treysta á eigin dómgreind þegar þeir gefa fyrirmæli á grundvelli þessara skilmála og skriflegur samningur um fjárfestingarráðgjöf hefur ekki verið gerður. Öll sjónarmið sem Arion banki og starfsfólk hans kunna að láta í ljós, hvort heldur munnlega eða skriflega, um hugmyndir, tillögur, efnahagshorfur, almennar ráðleggingar, fjárfestingarrannsóknir og greiningar eða aðrar slíkar upplýsingar sem miðlað er beint til viðskiptavinar eða eru gerðar aðgengilegar á annan hátt eru aðeins veittar til upplýsinga og fela undir engum kringumstæðum í sér fjárfestingarráðgjöf til viðskiptavinar. Slík sjónarmið byggjast ekki á mati á einstaklingsbundnum aðstæðum viðskiptavinarins og því er ekki hægt að leggja þær til grundvallar við mat á því hvort þau viðskipti sem viðskiptavinurinn hefur í huga teljist hæfa viðskiptavini.

#### E. UPPLÝSINGAR SEM VIÐSKIPTAVINUR VERÐUR AÐ VEITA

Arion banka er skylt lögum samkvæmt að afla tiltekinnar upplýsinga frá viðskiptavini vegna þeirrar þjónustu sem bankinn veitir samkvæmt skilmálum þessum.

Viðskiptavinur skal, hvenær sem Arion banki óskar þess, afhenda bankanum hverjar þær upplýsingar sem bankinn telur nauðsynlegt að afla, s.s. um þekkingu og reynslu viðskiptavinar af viðskiptum með fjármálagerninga og/eða fjárfestingarmarkmið, hver sé raunverulegur eigandi þeirra eigna sem lagðar eru inn á reikning viðskiptavinar hjá Arion banka og fjárhagsstöðu viðskiptavinar. Þá skulu lögaðilar auðkenna sig með LEI-auðkenni (Legal Entity Identifier) áður en þjónusta er veitt samkvæmt skilmálum þessum, en nánari upplýsingar um slík auðkenni má finna á [arionbanki.is/LEI](http://arionbanki.is/LEI). Veiti viðskiptavinur ekki umbeðnar upplýsingar áskilur bankinn sér rétt til að veita ekki umbeðna þjónustu. Þá áskilur bankinn sér rétt til að afla frekari upplýsinga frá viðskiptavini, eftir því sem þörf er á.

Þegar Arion banki veitir viðskiptavini aðra fjárfestingarþjónustu en eignastýringu eða fjárfestingarráðgjöf skal bankinn afla upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavinar til að meta hvort viðskiptin séu tilhlýðileg fyrir viðskiptavininn, sbr. 1. mgr. 44. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Þegar bankinn veitir viðskiptavini þjónustu í formi eignastýringar eða fjárfestingarráðgjafar er bankanum skylt að afla frekari upplýsinga frá viðskiptavini, sbr. 1. mgr. 45. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga.

Mikilvægt er að upplýsingar viðskiptavinar séu réttar, tæmandi og uppfærðar eftir þörfum svo bankinn geti uppfyllt skyldur sínar skv. lögum. Það þjónar hagsmunum viðskiptavinar að veita bankanum upplýsingar sem eru réttar svo bankinn geti lagt mat á hvort viðskipti eru tilhlýðileg fyrir hann eða, eftir atvikum, hvaða vara eða þjónusta hæfir viðskiptavini. Viðskiptavinur skal uppfæra framangreindar upplýsingar sem hann veitir Arion banka, eftir því sem tilefni gefst til. Veiti viðskiptavinur ófullkomnar upplýsingar eða lætur hjá líða að veita upplýsingar leiðir það til þess að bankinn getur ekki lagt mat á hvort tiltekin viðskipti séu tilhlýðileg fyrir hann eða hvort tiltekin vara eða þjónusta hæfi honum.

Arion banka er þó ekki skylt að meta hvort einstök viðskipti séu tilhlýðileg út frá þekkingu og reynslu viðskiptavinar, þegar um er að ræða bein fyrirmæli um viðskipti með einfalda fjármálagerninga, sem veitt eru að frumkvæði viðskiptavinar. Til að mynda eru viðskipti með einfalda fjármálagerninga sem fara fram í gegnum netbanka, snjallforrit eða með öðrum stafrænum hætti alfarið að frumkvæði og á ábyrgð viðskiptavinar og Arion banki ber enga skyldu til að meta hvort slík viðskipti séu tilhlýðileg fyrir viðskiptavin. Viðskiptavinur kann því að njóta minni verndar í slíkum viðskiptum.

#### F. MAT FAGFJÁRFESTA OG VIÐURKENNDRA GAGNAÐILA Á ÁHÆTTU

Í hvert sinn sem fagfjárfestir eða viðurkenndur gagnaðili gefur Arion banka fyrirmæli, getur bankinn treyst á að hann skoði sjálfur og meti á faglegan hátt alla áhættu sem tengist framkvæmd fyrirmælanna og tengdra viðskipta sem eiga sér stað í kjölfarið. Mat fagfjárfesta eða viðurkenndra gagnaðila á áhættu skal, án takmarkana, m.a. taka til útlánahættu, markaðsáhættu, lausafjáraáhættu, óstöðugleikaáhættu, vogunaráhættu, vaxtaáhættu, gjaldeyrisáhættu, viðskipta-, rekstrar- og ógjaldfærnisáhættu, útgefandaáhættu, áhættu af viðskiptum á óskráðum mörkuðum („OTC“) samanborið við viðskipti sem gerð eru upp í kauphöll, áhættu vegna skilyrtra skulda, áhættu vegna framlegðarkröfu, reglugerðaáhættu, skattalegrar áhættu og lagalegrar áhættu. Viðskiptavinur skal lesa öll viðeigandi skjöl, t.d. upplýsingaskjöl, skilmálaskjöl, tilboðslýsingu eða kynningarbæklinga, til að afla sér frekari upplýsinga um hugsanlega áhættu sem kann að fylgja viðskiptunum.

#### G. KOSTNAÐUR OG ÞÓKNANIR

Viðskiptavinur skal greiða þóknunir samkvæmt verðskrá Arion banka eins og hún er á hverjum tíma og/eða eins og sérstaklega er um samið milli aðila. Verðskrána og kostnaðarhandbók Arion banka má nálgast á heimasíðu bankans á slóðinni [arionbanki.is/verdskra](http://arionbanki.is/verdskra) og í útibúum bankans. Viðskiptavinur staðfestir að hann hefur kynnt sér efni verðskrár og kostnaðarhandbókar Arion banka.

Arion banki mun árlega hafa tiltækt og senda viðskiptavini samandregið yfirlit með upplýsingum um allan kostnað og gjöld, þ.m.t. í tengslum við fjárfestingarþjónustu og fjármálagerninga, sem er ekki tilkominn vegna undirliggjandi markaðsáhættu.

Arion banki áskilur sér rétt til að veita fagfjárfestum og viðurkenndum gagnaðilum takmarkaðri upplýsingar um þóknunir og gjöld en almennum fjárfestum.

Arion banka er einungis heimilt að greiða eða fá greidda þóknun í tengslum við fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu ef greiðslan er til þess fallin að auka gæði þjónustunnar, hún komi ekki í veg fyrir að bankinn uppfylli skyldur sínar um að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við bestu hagsmuni viðskiptavina sinna og ef viðskiptavinurinn er upplýstur um greiðsluna.

Við veitingu óháðrar fjárfestingarráðgjafar, ef um slíkt er að ræða, og eignastýringarþjónustu er Arion banka einungis heimilt að taka við og halda eftir hvata frá þriðja aðila, ef um er að ræða minni háttar, ófjárhagslegan ávinning sem er til þess fallinn að efla gæði þjónustunnar, hann kemur ekki í veg fyrir að Arion banki uppfylli skyldur sínar um að starfa af heiðarleika, sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina sinna og ef viðskiptavinurinn er upplýstur um greiðsluna. Sjá 28. gr. reglugerðar nr. 976/2021 en þar er að finna skilgreiningu á því hvað telst til minniháttar ófjárhagslegs ávinnings.

Arion banka er heimilt að draga gjöld frá sérhverjum fjármunum sem Arion banki fær í sína vörslu fyrir viðskiptavin. Í því sambandi hefur bankinn heimild til að skuldfæra þann reikning viðskiptavinar sem tilgreindur er í samningi aðila um verðbréfaþjónustu. Undir gjöld geta fallið viðeigandi skattar og opinber gjöld, þóknunir Arion banka og allur annar kostnaður Arion banka í tengslum við viðskipti viðskiptavinar. Í samræmi við verðskrá Arion banka, mun bankinn innheimta vexti vegna þeirra greiðslna sem ekki eru greiddar á gjalddaga (bæði fyrir og eftir sérhvern dóm/úrskurð, ef um slíkt er að ræða), reiknuðum samkvæmt því vaxtastigi sem fram kemur í skilmálum þessum (dráttarvextir) nema viðskiptavinur greiði slíkar kröfur þegar þær stofnast. Arion banka er jafnframt heimilt án tilkynningar að halda eftir eða draga frá hvers kyns greiðslur, arð, vexti eða annað sem Arion banki telur að hann geti þurft að halda eftir eða draga frá á grundvelli laga eða reglugerða í hvaða lögsögu sem er. Þóknunir geta í ákveðnum tilvikum og samkvæmt samningi milli viðskiptavinar og Arion banka verið hærri eða lægri en þóknunir í verðskrá bankans.

Ef til kostnaðar stofnast í öðrum gjaldmiðli en íslenskri krónu, hvort sem er samkvæmt dómi/úrskurði dómstóls eða á annan hátt, skal viðskiptavinur tryggja skaðleysi Arion banka vegna hvers kyns kostnaðar (þar með talið vegna umbreytingar á gjaldeyri) og tjóns sem Arion banki verður fyrir af þeim sökum að Arion banka var greitt í öðrum gjaldmiðli en um var samið.

Allar greiðslur viðskiptavinar samkvæmt skilmálum þessum skulu vera lausar við og án frádráttar hvers kyns skatta, þó innan þeirra marka sem viðskiptavini er skylt að hlýða lögum samkvæmt. Ef draga verður frá skatt eða fjárhæðir í tengslum við skatta frá greiðslum viðskiptavinar eða greiðslum sem hann á að greiða samkvæmt þessu, skal viðskiptavinur greiða viðbót við slíkar greiðslur þannig að Arion banki fái greidda fulla greiðslu sem hann hefði annars fengið ef ekki hefði komið til frádráttar vegna skatts.

Þegar um vanskil er að ræða samþykkir viðskiptavinur að greiða Arion banka, til viðbótar við kostnað samkvæmt verðskrá, allan kostnað sem Arion banki verður að bera vegna vanskila, s.s. vegna dómsmála, lögfræðiþóknunir og önnur gjöld sem bankinn greiðir og annan lögfræðikostnað sem upp safnast, í samræmi við skilmála þessa.

#### **4. ÞEGAR VIÐSKIPTAVINUR GEFUR FYRIRMÆLI**

##### **A. FYRIRMÆLI VIÐSKIPTAVINAR**

Viðskiptavini er heimilt að veita fyrirmæli um viðskipti skriflega, með símtali, símbréfi, tölvupósti eða öðrum rafrænum hætti sem bankinn hefur samþykkt.

Fyrirmæli viðskiptavinar skulu vera skýr og auðskiljanleg. Fyrirmælin skulu innihalda fullnægjandi upplýsingar, s.s. um viðskiptavin, LEI-auðkenni viðskiptavinar ef um lögaðila er að ræða, númer vörslureiknings og nákvæmar upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti eða umbeðna þjónustu, s.s. magn og kaup- eða söluverð. Bankinn áskilur sér rétt til að óska eftir frekari upplýsingum frá viðskiptavini áður en fyrirmæli eru framkvæmd, s.s. öryggisupplýsingum. Séu

frekari upplýsingar ekki veittar án tafar áskilur Arion banki rétt til að grípa til hvers konar aðgerða á kostnað viðskiptavinar sem bankinn telur nauðsynlegar.

Viðskiptavinur á ekki einhliða kröfu gagnvart Arion banka um að einstakir samningar séu gerðir eða tiltekin þjónusta veitt á grundvelli þessara skilmála. Samþykki starfsmanna bankans þarf fyrir gerð allra samninga og veitingu allrar þjónustu og getur bankinn einhliða fallist á eða hafnað ósk um viðskipti með fjármálagerninga eða aðra þjónustu, m.a. ef fyrirmæli viðskiptavinar eru torskilin, óljós eða þau fara gegn lögum að mati bankans. Ber bankinn enga skaðabótaábyrgð vegna tjóns sem viðskiptavinur kann að verða fyrir vegna þessa. Í slíkum tilvikum er bankanum ekki skylt að rökstyðja höfnun. Þá er Arion banka ekki skylt að staðfesta fyrirmæli áður en þau eru framkvæmd.

Arion banka er heimilt að bregðast við fyrirmælum viðskiptavinar eða sem ætla má að gefin séu af viðskiptavini eða þeim einstaklingi sem hefur umboð til að koma fram fyrir hans hönd án þess að kanna frekar hvort um svik sé að ræða, hvort umboð sé fyrir hendi eða kanna persónuauðkenni einstaklingsins, eða þess einstaklings sem ætla má að gefi fyrirmælin.

Ef viðskiptavinur er lögaðili sem hefur gengið að skilmálum þessum, er litið svo á að viðskiptavinur hafi sjálfkrafa veitt tilteknum starfsmönnum innan lögaðilans heimild til að ganga til viðskipta samkvæmt skilmálum þessum nema viðskiptavinur beini skriflegum fyrirmælum um annað til Arion banka. Þessir starfsmenn eru prókúruhafar, framkvæmdastjóri, fjármálastjóri og þeir sem hafa viðeigandi heimild samkvæmt samþykktum eða undirskriftarlista lögaðilans á hverjum tíma. Að því gefnu að viðskiptavinur hafi ekki takmarkað heimild þessara starfsmanna á annan hátt, skulu þeir hafa heimild, fyrir hönd viðskiptavinar, til að eiga hvers kyns viðskipti og fá hvers kyns þjónustu sem Arion banki veitir á hverjum tíma. Kjósi viðskiptavinur síðar að takmarka þá heimild sem hér er veitt, skal skriflegri fyrirlýsingu þess efnis beint að Arion banka sem tekur gildi þegar Arion banki hefur mótttekið hana.

#### B. FRAMKVÆMD FYRIRMÆLA

Arion banki mun framkvæma fyrirmæli viðskiptavinar í samræmi við verklagsreglur sínar um framkvæmd viðskiptafyrirmæla sem gilda fyrir viðskipti almennra fjárfesta og fagfjárfesta. Verklagsreglurnar eru aðgengilegar á [arionbanki.is/fjarfestavernd](http://arionbanki.is/fjarfestavernd). Vakin skal athygli á því að verklagsreglur Arion banka gera ráð fyrir að fyrirmæli geti verið framkvæmd utan viðskiptavettvangs. Með samþykki markaðsskilmálanna samþykkir viðskiptavinur sérstaklega að Arion banka sé heimilt að framkvæma fyrirmæli utan viðskiptavettvangs og lýsir því yfir að hafa kynnt sér verklagsreglur Arion banka um framkvæmd viðskiptafyrirmæla og samþykkir reglurnar í heild.

#### C. HAGSMUNAÁREKSTRAR

Þær aðstæður geta skapast að hagsmunir Arion banka eða starfsfólks bankans stangast á við hagsmuni viðskiptavinar eða hagsmunir viðskiptavinar eru ósamrýmanlegir hagsmunum annarra viðskiptavina bankans.

Arion banki hefur sett sér reglur um meðferð hagsmunaárekstra til að greina, koma í veg fyrir og takast á við hagsmunaárekstra í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarpjónustu. Reglur Arion banka um meðferð hagsmunaárekstra eru aðgengilegar á heimasíðu bankans, [arionbanki.is/fjarfestavernd](http://arionbanki.is/fjarfestavernd).

#### D. UPPTAKA OG SKRÁNING

Símtöl og hvers konar rafræn samskipti viðskiptavinar við starfsmenn Arion banka í tengslum við þá þjónustu sem veitt er samkvæmt skilmálum þessum kunna að vera tekin upp og/eða afrituð, bæði þau sem eru móttekin og þau sem starfsmenn hafa frumkvæði að, án þess að sérstaklega sé tilkynnt fyrirfram um slíkt í hvert sinn. Hljóðupptökurnar og afritin eru eign bankans. Hljóðupptökur eru gerðar samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga og lögum nr. 70/2022 um fjarskipti. Arion kann að leggja slíkar hljóðritanir og/eða skráningar fram í dómsmáli og/eða nota sem sönnunargagn í öðrum tilvikum ef upp kemur ágreiningur um hvað aðilum að skilmálum þessum fór á milli, s.s. um forsendur og/eða framkvæmd viðskipta. Að öðru leyti skal Arion banki fara með upptökur

og aðra skráningu samskipta líkt og með aðrar upplýsingar er lúta bankaleynd, sbr. 58.- 60. gr. laga um fjármálafyrirtæki.

## 5. EFTIR AÐ ARION BANKI HEFUR FRAMKVÆMT FYRIRMÆLI

### A. TILKYNNINGAR OG STAÐFESTINGAR

Arion banki getur komið tilkynningum á framfæri á varanlegum miðli eða á vefsíðunni [arionbanki.is/fjarfestavernd](http://arionbanki.is/fjarfestavernd) vegna samninga sem gerðir eru og þjónustu sem veitt er á grundvelli skilmála þessara.

Viðskiptavinur skal án tafar gera athugasemd við staðfestingu um framkvæmd viðskiptafyrirmæla, aðrar kvittanir og yfirlit telji hann ástæðu til. Hafi viðskiptavinur ekki með sannanlegum hætti gert athugasemdir við staðfestingar, kvittanir eða yfirlit innan tveggja daga frá dagsetningu þeirra lítur bankinn svo á að staðfestingar, kvittanir og yfirlit hafi að geyma réttar upplýsingar, nema um augljósar villur sé að ræða. Bankinn áskilur sér rétt til leiðréttingar í samræmi við raunverulega stöðu eigna og skulda viðskiptavinar. Komi slíkar villur í ljós skulu þær leiðréttar og tilkynning þess efnis send viðskiptavini.

Gögn Arion banka skulu, nema sýnt sé fram á að þau séu röng, vera sönnunargagn um samskipti viðskiptavinar við bankann í tengslum við þá þjónustu sem veitt er samkvæmt skilmálum þessum.

Í samræmi við ákvæði laga og reglna getur Arion banki samþykkt aðra framkvæmd á staðfestingum og tilkynningum í tilvikum viðurkenndra gagnaðila.

### B. UPPLÝSINGAR TIL YFIRVALDA OG ANNARRA AÐILA

Arion banki kann að vera skyldugur að lögum að birta upplýsingar um fyrirmæli viðskiptavinar, framkvæmd þeirra, tengd viðskipti eða stöðu viðskiptavinar til viðeigandi yfirvalda eða annarra aðila (í sumum tilvikum opinberlega). Með staðfestingu viðskiptavinar á markaðsskilmálum þessum samþykkir hann slíka birtingu. Sömuleiðis staðfestir viðskiptavinur og samþykkir að vera sjálfur ábyrgur fyrir að tryggja að hann fylgi öllum skyldum sem eiga við um hann samkvæmt viðeigandi lögum og reglum sem varða birtingu upplýsinga um fyrirmæli hans, framkvæmd þeirra, tengd viðskipti og stöðu viðskiptavinar. Arion banki mun ekki birta þær upplýsingar um viðkomandi viðskipti sem viðskiptavini ber lögum samkvæmt að birta.

### C. UPPGJÖR OG GREIÐSLA

Uppgjör viðskipta á sér stað á uppgjörstegi sem ákvarðast eftir því á hvaða vettvangi og um hvaða tegund viðskipta ræðir. Viðskiptavinur er hvattur til að kynna sér þær reglur sem þar um gilda hverju sinni.

Við uppgjör á sölu fjármálagerninga eru áfallin gjöld, kostnaður og þóknanir vegna viðskiptanna dregin frá greiðslu nema um annað sé sérstaklega samið með sannanlegum hætti. Á sama hátt skulu áfallin gjöld, kostnaður og þóknanir leggjast ofan á greiðslu þegar um kaup viðskiptavinar á fjármálagerningum er að ræða.

Viðskiptavini ber að tryggja að þeir fjármálagerningar eða fjármunir sem honum ber að afhenda á uppgjörstegi séu til staðar á tilgreindum reikningum við framkvæmd viðskipta. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því tjóni sem bankinn kann að verða fyrir sökum þess að fjármálagerningar eða fjármunir samkvæmt framangreindu eru ekki til staðar.

Arion banki hefur haldsrétt í þeim fjármálagerningum og fjármunum sem eru á vörslureikningi fyrir greiðslum sem bankinn kann að eiga rétt á frá viðskiptavini vegna viðskipta með fjármálagerninga og eru gjaldfallnar. Arion banka er heimilt að selja þá fjármálagerninga og aðra fjármuni sem bankinn á haldsrétt í vegna slíkra skulda svo og vaxta og kostnaðar vegna þeirra. Arion banki hefur einhliða heimild til að skuldfæra þann reikning sem tilgreindur er í samningi aðila um verðbréfabjónustu fyrir gjaldföllum greiðslum vegna viðskipta með fjármálagerninga.



Þegar viðskiptavinur fjárfestir í fjármálagerningi og ekki er næg innstæða á reikningi viðskiptavinar til að ganga frá kaupunum á uppgjörssdegi og ekkert viktímabil er umsamið milli aðila þessara skilmála, hefur Arion banki heimild til að selja umrædda fjármálagerninga með þeim hætti sem Arion banki telur við hæfi. Bankinn eignast kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söluverði þeirra, auk kostnaðar.

Í þeim tilvikum þegar Arion banki framkvæmir fyrir mæli viðskiptavinar um einn eða fleiri fjármálagerninga á grundvelli skilmála þessara og viðkomandi viðskiptavinur hefur ekki vörslureikning hjá bankanum telst Arion banki eiga þá fjármálagerninga sem keyptir hafa verið þar til viðskiptavinur hefur greitt kaupverð þeirra og öll gjöld sem bankinn kann að eiga rétt á vegna viðskiptanna. Hafi viðskiptavinur ekki greitt kaupverð eða gjöld í tengslum við viðskiptin á uppgjörssdegi og ekkert viktímabil er umsamið milli aðila er bankanum óskýlt að afhenda viðskiptavini viðkomandi fjármálagerning. Í slíkum tilvikum hefur Arion banki heimild til að selja umrædda fjármálagerninga með þeim hætti sem Arion banki telur við hæfi. Bankinn eignast kröfu á hendur viðskiptavini fyrir þeim mismun sem kann að verða á kaupverði umræddra fjármálagerninga og söluverði þeirra, auk kostnaðar.

## 6. VARSLA EIGNA OG FJÁRMUNA

Við yfirfærslu eigna til Arion banka eða við stofnun viðskipta við Arion banka er vörslureikningur opnaður í nafni viðskiptavinarins og skulu fjármálagerningar keyptir fyrir milligöngu Arion banka vera í vörslu bankans, nema samkomulag sé um annað. Viðskiptavinur getur óskað eftir að aðrir fjármálagerningar í hans eigu verði færðir í vörslu Arion banka. Arion banki ber ábyrgð á vörslu fjármálagerninga og annarra verðmæta fyrir viðskiptavin samkvæmt skilmálum þessum. Arion banki skal halda fjármálagerningum og öðrum fjármunum viðskiptavina tryggilega aðgreindum frá eignum bankans og skal ávallt unnt að aðgreina eignir sem bankinn varðveitir fyrir einn viðskiptavin frá eignum sem hann varðveitir fyrir sérhvern annan viðskiptavin og frá eigin eignum bankans. Arion banki fjárfestir samkvæmt fyrir mælum frá viðskiptavini eins og kveðið er á um í skilmálum þessum.

Arion banka er heimilt að láta þriðja aðila, fyrir hönd bankans, annast vörslu fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavinar, uppgjör viðskipta og sinna tengdum verkefnum. Í þeim tilvikum sem fjármálagerningar eru skráðir á verðbréfamarkaði utan Íslands, hefur Arion banki heimild til að úthýsa vörslu- og uppgjörspjónustunni til þriðja aðila sem kann, eftir atvikum, að vera staðsettur utan Evrópska efnahagssvæðisins. Réttarsamband Arion banka og viðskiptavinar helst óbreytt þrátt fyrir að Arion banki nýti þessar heimildir.

Arion banka er heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af vörslureikningi hans ef viðskiptavinur skuldar gjöld eða þóknanir vegna veittrar þjónustu eða ef sýnt þykir að bankinn kunni að eiga skuldajöfnunarrétt við innstæðu viðskiptavinar, sbr. 8. og 9. gr. þessara skilmála. Þá er bankanum heimilt að synja viðskiptavini um framkvæmd greiðslu af vörslureikningi ef grunur leikur á um misnotkun reikningsins eða sýnt þykir að viðskiptavinur kunni að verða ógreiðslufær ef greiðslan er framkvæmd. Arion banki tilkynnir viðskiptavini svo fljótt sem verða má um slíka synjun.

## 7. TRYGGINGARÉTTINDI

### a) Tryggingar vegna viðskipta og viðbótartryggingar

Óski Arion banki eftir að veittar verði tryggingar vegna viðskipta, skal viðskiptavinur leggja fram tryggingar sem Arion banki metur fullnægjandi hverju sinni. Bankinn hefur hvenær sem er rétt til að krefjast trygginga sem hann metur fullnægjandi hverju sinni og er sá réttur til staðar enda þótt trygginga hafi ekki verið krafist áður. Bankinn getur hvenær sem er sett fram kröfu um viðbótartryggingar ef hann metur tryggingar ófullnægjandi en það getur m.a. verið vegna þess að tryggingarverðmæti hinna veðsettu eigna hefur lækkað að mati bankans, vegna lækkunar á þeim verðmætum sem tryggð eru eða vegna markaðsaðstæðna. Viðskiptavinur skuldbindur sig jafnframt til að undirrita sérstakan handveðssamning, tryggingarbréf eða önnur sambærileg skjöl sé farið fram á slíkt. Bankanum er í sjálfsvald sett hvernig hann metur framlögð tryggingarverðmæti og hvort þau séu fullnægjandi.

Leggi viðskiptavinur fram eign á vörslureikningi sem tryggingu skal reikningurinn vera hjá Arion banka, nema samið sé um annað sérstaklega. Tryggingar viðskiptavinar sem lagðar eru fram í formi rafbréfa skulu veðsettar á VS-reikningi viðskiptavinar sem er tengdur vörslureikningi hans hjá Arion banka. Leggi viðskiptavinur fram fjármálagerninga á pappírformi sem tryggingu skulu þeir vera í vörslu Arion banka. Verði slík bréf síðar skráð rafrænni eignaskráningu felst í samþykki viðskiptavinar á skilmálum þessum umboð til handa Arion banka að stofna VS-reikning í hans nafni og færa fjármálagerningana á hann. Hafi tryggingar vegna viðskipta verið veittar er viðskiptavini óheimilt að framselja þær tryggingar án samþykkis Arion banka.

Gerir bankinn kröfu um að tryggingarverðmæti skuli ávallt vera yfir ákveðnu lágmarki, hvort sem miðað er við verðmæti hinna veðsettu eigna eða verðmæti þeirra samninga sem ætlað er að tryggja og lækki verðmæti trygginga niður fyrir hið tilgreinda lágmark, skal viðskiptavinur leggja fram viðbótartryggingar þannig að tilgreindu lágmarki verði náð á ný innan þess tímafrests sem bankinn setur.

Arion banki áskilur sér rétt til að leggja reglulega mat á tryggingarverðmæti þeirra eigna sem lagðar eru fram til tryggingar. Tryggingarverðmæti eigna getur verið annað en markaðsvirði þeirra á hverjum tíma og byggist matið á verklagsreglum Arion banka. Slíkt mat er undirstaða fyrir mat á tryggingarverðmæti nema um annað sé samið. Bankinn áskilur sér rétt til að endurskoða verklagsreglur sínar reglulega. Arion banki er ekki undir neinum kringumstæðum skuldbundinn til að kalla eftir frekari tryggingum eða viðbótartryggingum frá viðskiptavini. Viðskiptavinur skal fylgjast með markaðsverðmæti trygginga sem hann hefur lagt Arion banka í té á hverjum tíma og skal fylgjast með að þær fullnægi skuldbindingum hans gagnvart Arion banka. Viðskiptavinur getur ávallt lagt fram frekari tryggingar en bankinn gerir kröfu um. Ef markaðsverðmæti fjármálagerninga sem lagðir hafa verið fram til tryggingar lækkar skyndilega sem veldur því, að mati Arion banka, að viðskiptavinur geti ekki fullnægt skuldbindingu sinni um framlagðar tryggingar, getur Arion banki selt án fyrirvara alla eða hluta af fjármálagerningum viðskiptavinar, sem lagðir hafa verið fram til tryggingar.

b) Tímamörk

Setji Arion banki fram kröfu um tryggingar eða viðbótartryggingar skal viðskiptavinur leggja fram fullnægjandi tryggingar innan fimm (5) virkra daga frá því slík krafa er gerð, nema um annan frest sé samið. Bankanum er þó heimilt að setja skemmri frest, krefjast trygginga samdægurs, eða stytta áður umsaminn frest leiði breytingar á markaðsaðstæðum til slíks. Ef fullnægjandi tryggingar/viðbótartryggingar eru ekki lagðar fram innan tilskilins frests er um verulega vanefnd að ræða, sbr. 9. gr. skilmála þessara.

## 8. SKULDAJÖFNUÐUR

Um skuldajöfnuð í viðskiptum með fjármálagerninga gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi í sömu greiðslu á sama degi, t.d. sömu mynt eða sömu tegund fjármálagerninga, getur bankinn beitt skuldajöfnuði þannig að einungis komi til greiðslu mismunar, ef einhver er.
2. Ef samningar sem falla undir skilmála þessa fela í sér gagnkvæmar skyldur sem inna á af hendi sama dag en ekki í sömu greiðslu getur bankinn engu að síður beitt skuldajöfnuði þannig að einungis greiðist mismunur, ef einhver er. Ef greiðslur eru ekki í sömu mynt getur bankinn umreiknað greiðsluna í íslenskar krónur eða aðra umsamda mynt áður en til skuldajafnaðar kemur.
3. Ef skuldbindingar viðskiptavinar, samkvæmt samningi sem fellur undir skilmála þessa, eru gjaldfelldar, sbr. 9 gr., getur Arion banki beitt skuldajöfnuði vegna krafna samkvæmt öllum samningum sem falla undir þessa skilmála þannig að hagnaður og tap hvors aðila um sig verði gerður upp í einu lagi og aðeins mismunur, ef einhver er, kemur til greiðslu. Þetta takmarkar ekki rétt Arion banka til að skuldajafna þeirri greiðslu gagnvart öðrum skuldbindingum sem viðskiptavinur gæti haft gagnvart Arion banka.

Uppgjör samkvæmt þessari grein, þ.e. mat á verðmæti fjármálagerninga og umbreyting, skal gert í samræmi við d-lið 9. gr. Ef Arion banki ákveður að beita skuldajöfnuði mun Arion banki tilkynna viðskiptavini um slíkt með fresti sem nemur a.m.k. fimm (5) virkum dögum nema um annað sé samið eða Arion banki telji ástæðu til að stytta frestinn.

## 9. VANEFNDIR, GJALDFELLINGARHEIMILDIR O.FL.

### a) Óveruleg vanefnd

Standi viðskiptavinur ekki við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum eða samningum sem vísa til skilmála þessara, án þess að slík vanefnd teljist veruleg, hefur viðskiptavinur fimm virka daga til að leiðrétta þau atvik sem leiddu til umræddrar vanefndar. Skal sá frestur teljast frá þeim tíma sem vanefnd telst hafa komið upp. Ef viðskiptavinur hefur ekki bætt úr vanefnd skv. þessari grein innan tilskilins frests telst um verulega vanefnd að ræða, sbr. b) lið þessarar greinar.

### b) Veruleg vanefnd

Þegar um verulega vanefnd er að ræða er Arion banka heimilt, en ekki skylt, að gjaldfella skyldur viðskiptavinar gagnvart bankanum. Arion banka er þá heimilt að beita skuldajöfnuði, að svo miklu leyti sem það er unnt, eins og skuldajöfnuði er lýst í 8. gr.

Bankanum er m.a. heimilt að gjaldfella eða loka samningi og/eða samningum fyrirvaralaust þegar viðskiptavinur vanefnir skuldbindingar sínar verulega. Lokun með mótstæðum samningi sem eyðir heildarmarkaðsáhættu skal fara fram á eðlilegu gengi með tilliti til markaðsverðmætis fjármálagerninga og annarra fjármuna viðskiptavinar, markaðsvaxta og kjara viðskiptavinar á hverjum tíma. Við útreikning á hagnaði/tapi er tekið mið af markaðsaðstæðum á gjaldfellingardegi.

Neðangreind tilvik skulu ávallt skoðast sem verulegar vanefndir í þessum skilningi:

- Viðskiptavinur hefur ekki bætt úr óverulegri vanefnd, innan fimm virkra daga.
- Viðskiptavinur er í vanskilum við bankann með aðrar skuldbindingar en þær sem falla undir skilmála þessa og hefur ekki bætt úr þeim innan fimm virkra daga frá því vanskil hófust, eða er ítrekað í vanskilum við Arion banka.
- Viðskiptavinur leggur ekki fram fullnægjandi tryggingar/viðbótartryggingar innan tilskilins frests, sbr. 7. gr., eða tap viðskiptavinar af samningum fer yfir 80% af markaðsvirði trygginga, nema um annað sé samið.
- Undirrituð frumrit samninga hafa ekki borist bankanum innan fimm virkra daga frá dagsetningu samnings eða fyrir gjalddaga ef hann er innan þeirra tímamarka.
- Viðskiptavinur er (i) dæmdur til greiðslu peningaskuldar sem færð er í vanskilaskrá, (ii) gert er fjárnám hjá viðskiptavini, (iii) viðskiptavinur óskar eftir greiðslustöðvun, (iv) viðskiptavinur óskar eftir eða gerir nauðasamninga, (v) viðskiptavinur óskar eftir eða gerir samninga við almenna kröfuhafa um niðurfellingu skulda að hluta, (vi) lögð er fram beiðni um gjaldþrotaskipti viðskiptavinar (eða lög heimila eða gera kröfu um að slík beiðni sé lögð fram), (vii) beiðni er lögð fram um nauðungarsölu eigna viðskiptavinar eða (viii) líkur eru á því að mati Arion banka að viðskiptavinur muni ekki geta staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt skilmálum þessum.
- Ef viðskiptavinur hefur vanrækt upplýsinga- og tilkynningaskyldu sína samkvæmt skilmálum þessum, öðrum sértækum skilmálum Arion banka, lögum eða öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.
- Ef viðskiptavinur, sem er lögaðili, hættir starfsemi.

### c) Tilkynningar

Arion banki tilkynnir viðskiptavini um gjaldfellingu skuldbindingar hans eða lokun samnings/samninga vegna verulegra vanefnda.

Komi til gjaldfellingar samnings eða viðskiptavinur greiðir ekki á gjalddaga skal bankinn senda honum tilkynningu um útreikning bankans á stöðu hinna gjaldfelldu skulda og eftir atvikum verðmæti trygginga sem gengið hefur verið að. Tilkynningin skal send eigi síðar en fimmtán dögum frá gjalddaga, gjaldfellingu eða þeim degi sem gengið var að tryggingu.

Viðskiptavinur skuldbindur sig til að tilkynna Arion banka þegar í stað um öll fyrirbyggjandi eða fyrirsjáanleg vanefndatilvik samkvæmt skilmálum þessum og skilmálum og samningum þeim tengdum.

d) Aðferð við uppgjör, verðmat og umreikning

Komi til skuldajöfnunar, gjaldfellingar eða lokunar samnings/samninga annast Arion banki útreikning á hagnaði/tapi viðskiptavinar af viðeigandi samningi/samningum sem og á markaðsverðmæti trygginga. Arion banki skal senda viðskiptavini þann útreikning eigi síðar en fimmtán dögum eftir gjaldfellingu eða lokun samnings/samninga.

Við mat á markaðsverðmæti fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skal miðað við lokaverð á viðkomandi markaði daginn áður en matið fer fram. Hafi verðmyndun þann dag verið óeðlileg að mati Arion banka er heimilt að miða verðmatið við lokaverð fleiri viðskiptadaga og taka tillit til veltu bréfanna einstaka daga.

Arion banka er ávallt heimilt, en ekki skylt, að umreikna vanefndar kröfur í erlendri mynt í íslenskar krónur á gjaldfellingardegi, eða eftir atvikum á gjalddaga kröfu, eða síðar. Skal í slíkum tilvikum miðað við skráð kaupgengi Seðlabanka Íslands kl. 11:00 á uppgjörssdegi.

e) Dráttarvextir

Viðskiptavinur skal greiða dráttarvexti af kröfum bankans í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma um grunn dráttarvaxta og vanefndaálags, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, af gjaldfallinni eða gjaldfelldri fjárhæð frá og með gjalddaga/gjaldfellingu til greiðsludags, hvort sem kröfur eru í íslenskum krónum, hafa verið umreiknaðar í íslenskar krónur eða eru í erlendri mynt.

Ógreiddir dráttarvextir leggjast við höfuðstól skuldarinnar á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn tólf mánuðum eftir fyrsta dag vanskila, hvort sem hún er í íslenskum krónum, umreiknuð í íslenskar krónur eða í erlendri mynt.

f) Kostnaður

Komi til vanefnda af hálfu viðskiptavinar skuldbindur hann sig til að greiða Arion banka, til viðbótar við þann kostnað sem honum ber að greiða samkvæmt verðskrá, allan kostnað sem Arion banki leggur út vegna vanefnda, málsóknar eða annarra réttargjalda, lögmannspóknunar eða öðru er Arion banka ber að greiða, svo og annan lögfræðilegan kostnað vegna innheimtu samkvæmt skilmálum þessum.

g) Skuldfærsla

Ef krafa er ekki gerð upp á gjalddaga, eða eftir atvikum, gjaldfellingardegi, er Arion banka heimilt að færa til skuldar reikning viðskiptavinar hjá Arion banka og gera þannig kröfuna upp, ef mögulegt er í þeim gjaldmiðli sem krafan er í. Gjalddagi ákvarðast ýmist samkvæmt viðkomandi samningi eða almennri venju.

h) Fullnustuheimildir

Komi til þess að skuldbindingar viðskiptavinar séu gjaldfelldar eða samningi/samningum lokað, að hluta til eða öllu, er Arion banka heimilt án frekari fyrirvara að leita fullnustu fyrir kröfum sínum í þeim tryggingum sem viðskiptavinur hefur sett á hvern þann hátt sem Arion banki kýs, m.a. með sölu fjármálagerninga án nauðungarsölu. Er bankanum í sjálfsvald sett hvort leitað er fullnustu í öllum tryggingum sem hafa verið settar eða einungis hluta þeirra og þá í hvaða röð það er gert.

## 10. ÁBYRGÐARTAKMARKANIR

Hvorki Arion banki, stjórnendur eða aðrir starfsmenn Arion banka né umboðsmenn bankans bera ábyrgð á tjóni, kostnaði eða útgjöldum, sem viðskiptavinur verður fyrir vegna viðskipta eða samninga sem stofnað er til á grundvelli þessara skilmála (þar með talið þar sem Arion banki hefur hafnað að taka þátt í fyrirhuguðum viðskiptum) sökum gáleysis, nema slíkt tap sé almennt fyrirsjáanleg afleiðing eða beinlínis til komið vegna stórkostlegs gáleysis Arion banka, ásetnings eða svika. Ábyrgð nær ekki undir neinum kringumstæðum yfir tap sem viðskiptavinur eða þriðji aðili verður fyrir vegna sérstaks tjóns, eða taps af hagnaði eða tapi á viðskiptavild eða tapi á viðskiptatækifærum sem upp koma eða til verða í tengslum við skilmála þessa, hvort sem er vegna vanrækslu, samningsbrots, villandi upplýsinga eða öðrum orsökum.

Arion banki ber enga ábyrgð á tjóni eða tapi sem stafar frá eða má rekja til athafna, atburða, vanrækslu eða óhappa sem ætla má að sé utan þess sem gera má ráð fyrir að Arion banki hafi stjórn á, þar með talið, en án takmarkana, hvers kyns bilana, truflana eða óvirkni samskipta- eða tölvubúnaðar, náttúruhamfara, stríðs, hryðjuverka, skemmdarverka, borgaralegra óeirða, faraldurs smitsjúkdóma, verkfalla, laga, reglugerða og fyriræla stjórnvalda eða samtaka eða stjórnvalda á alþjóðavettvangi.

Arion banki ábyrgist ekki tilkynningar til viðskiptavinar um stöðu samninga eða lokun þeirra við ákveðin mörk eða atvik, nema sérstakur samningur sé gerður um slíkt eða slík skylda leiði af lögum. Það er því á ábyrgð viðskiptavinar að fylgjast með stöðu og þróun þeirra samninga sem hann hefur gert við Arion banka.

Þar sem markaðsaðstæður geta breyst mikið á skömmum tíma ábyrgist Arion banki ekki að unnt sé að afgreiða viðskiptafyrirmæli viðskiptavinar á umbeðnu gengi. Arion banki ber ekki ábyrgð á því tjóni sem viðskiptavinur kann að verða fyrir við það að viðskiptafyrirmæli séu afgreidd á óhagstæðari kjörum en viðskiptavinur gerði ráð fyrir, t.d. vegna gengisþróunar á þeim tíma sem það tekur að afgreiða viðskiptafyrirmælin. Arion banki ber hvorki ábyrgð á að fjármálagerningar beri þá ávöxtun sem bankinn eða viðskiptavinur hefur væntingar um, né heldur að þróun gjaldmiðla verði með þeim hætti er aðilar kunna að gera sér vonir um. Þá ber Arion banki ekki ábyrgð á tjóni eða tapi sem orsakast beint eða óbeint af upplýsingum eða aðgerðum þriðja aðila eða af lögákveðnum skyldum bankans.

Viðskiptavinur ber m.a. ábyrgð á skattalegum, lögfræðilegum og bókhaldslegum atriðum sem tengjast viðskiptum og þjónustu samkvæmt skilmálum þessum og er hvattur til að leita sér sjálfstæðrar ráðgjafar, eftir því sem hann telur viðeigandi.

## 11. UPPSÖGN

Viðskiptavini er frjálst að segja upp viðskiptasambandi sínu við Arion banka án fyrirvara. Arion banka er frjálst að slíta viðskiptasambandi sínu við viðskiptavin með fjögurra vikna fyrirvara. Þó er Arion banka heimilt að segja upp viðskiptasambandinu án fyrirvara ef viðskiptavinur hefur brotið alvarlega gegn skilmálum þessum, gerist sekur um sviksamlega háttsemi eða gerir nokkuð annað sem stríðir gegn heiðarleika og eðlilegum viðskiptaháttum að mati bankans.

Fjármálagerningar og aðrar eignir viðskiptavinar skulu afhentar viðskiptavini við lok uppsagnarfrests og vörslureikningum lokað að loknu uppgjöri á tilföllnum kostnaði. Sé samningssambandinu slitið án fyrirvara, skal Arion banki afhenda allar eignir eins fljótt og unnt er og loka vörslureikningum að loknu uppgjöri á tilföllnum kostnaði. Veiti viðskiptavinur Arion banka ófullnægjandi upplýsingar eða gripi ekki til nauðsynlegra ráðstafana svo að Arion banki geti afhent eignirnar, hefur bankinn eignirnar í sinni umsjá fyrir hönd viðskiptavinar og á hans kostnað, samkvæmt skilmálum þessum, þar til viðskiptavinur hefur gripið til viðeigandi ráðstafana.

## 12. LÖG OG VARNARÞING

Skilmálar þessir og þeir samningar sem gerðir eru á grundvelli þeirra lúta íslenskum lögum, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Rísi ágreiningur vegna skilmála þessara skulu aðilar leitast við að leysa úr þeim ágreiningi. Viðskiptavinur getur enn fremur óskað eftir upplýsingum frá Arion banka um tiltæk réttarfars- eða stjórnsýsluúrræði, s.s. um úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands. Nánari upplýsingar um nefndina er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, [sedlabanki.is](http://sedlabanki.is). Sé þörf á að höfða dómsmál vegna skilmála þessara skal það mál rekið fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Viðskiptavinur afsalar sér, að svo miklu leyti sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum, þannig að óafturkallanlegt sé, með tilliti til sín sjálfs, tekna og eigna (óháð notkun eða ætlaðri notkun þeirra), allri friðhelgi, sem hann gæti notið á grundvelli úrlendisréttar eða á svipuðum grundvelli, frá (i) málsókn, (ii) lögsögu sérhvers dómstóls, (iii) lögbanni eða beinum aðfarargerðum, (iv) haldlagningu/eignaupptöku (hvort sem slíkt fer fram fyrir eða eftir dómsuppsögu) og (v) fullnustu sérhvers dóms eða úrskurðar, sem lýtur að viðskiptavini, tekjum eða eignum viðskiptavinar í sérhverri málsmeðferð dómstóla í hverri lögsögu. Viðskiptavinur veitir óafturkallanlegt samþykki sitt, að svo miklu leyti sem slíkt er heimilt samkvæmt lögum, að hann muni ekki krefjast slíkrar friðhelgi í neinu dómsmáli.